



BARNAVERNDARSTOFA

Barnvænleg barnavernd

stefnur og straumar á erlendum og innlendum vettvangi

Bragi Guðbrandsson



Inngangur

- Barnasamningur Sameinuðu þjóðanna og áhrif hans á alþjóðlega barnavernd
- Alþjóðastarf og samningar
 - Evrópuráðið og ESB
- Hin „þögla“ bylting í barnavernd á Norðurlöndum
- Áskoranir nútímans, breytingar í sjónmáli?



Barnasamningurinn fáeinar athugasemdir

- Samningurinn ekki aðeins ólíkur öðrum alþjóðlegum samþykktum að **efni** heldur líka að **eðli**
- Tvíþætt einkenni Barnasamningsins:
 - **Lýsandi**
 - **Leiðbeinandi, framsækinn**
- Verkfæri til breytinga í samræmi við meginregluna **“það sem barni er fyrir bestu”**



Nýr og breyttur skilningur

- Barnasamningurinn kynnti til sögunnar nýjan skilning á barninu, sem einstakling með sjálfstæð mannréttindi – nýtt „paradigma“
- **Virgni** – barnið á rétt til þátttöku, t.a.m. láta í ljós skoðanir og hafa áhrif á ákvarðanir sem það varða
- **Vernd** – rétturinn til verndar frá hvers kyns ofbeldi, illri meðferð og vanrækslu
- **Velferð** – réttur til lífsgæða og viðeigandi úrræðum/ráðstöfunum til að hámarka möguleika til aukins þroska



Ólíkar velferðarhefðir fyrir tilkomu Barnasamningsins

- Evrópuríki höfðu valið ólíkar leiðir til að veita börnum og fjölskyldum viðeigandi stuðning og þjónustu
 - Norræna velferðarmódelið
 - Íhaldsama-/frjálslynda hefðin
 - Dreiffræðisregla mið-Evrópuríkja
 - Latneska hefð Miðjarðarhafsríkja
 - Miðstýrða leið austur- og mið Evrópu



Ólíkar hefðir í barnavernd

- „Bjargvættar“ módelið
 - Áherslan á eftirlit, formreglur í málsmeðferð, áminningar og inngrip
- „Fjölskylduvæna“ módelið
 - Áhersla á ráðgjöf og stuðning við foreldra
- Ágallar hefðbundinna nálgana
 - Einblínt á „áhættuþætti“
 - Vanmat á „verndandi“ þáttum
 - Barnið aðeins óbeint viðfangsefni



Þróun í átt að samruna

- Hversdagsvísindi Barnasamningsins
- Aðrir mannréttindasamningar
 - Mannréttindasáttmáli Evrópuráðsins
 - Félagsmálasáttmáli Evrópu
- Mannréttindadómstóllinn – dómaframkvæmd
- Ný þekking frá rannsóknum fræðimanna
- Áhrif alþjóðasamstarfs



Aðrir leikendur

- Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna
 - Skýrslur aðildarríkjanna; „General comments“; General Discussion Days
- UN Special Rapporteur on Violence
- Alþjóðleg félagasamtök
 - Unicef, Save the Children, Eurochild, Crin, ECPAT osfrv.
- Alþjóðleg fagfélög, t.d. ISPCAN
- Svæðisbundi milliríkjasamstarfs, t.d. CBSS “Children at Risk, BECAN, CANEE



Hin nýja sviðsmynd

Forgangsröðun

- Forvarnir
- Snemmbær uppgötvun
- Snemmbær íhlutun
- Að forða barni frá endurteknum áföllum
- Áhersla á verndandi þætti ekki síður en áhættuþætti
- Greining þarfa
- Heildstæð þjónusta við hæfi

Aðferðafræði

- Meginreglan: „það sem barni er fyrir bestu“
- Þátttaka barns í ákvörðunum
- Barnvinsamleg íhlutun
- Foreldravinna/samráð á öllum stigum máls
- Þverfaglegt samstarf
- Samhæfing ólíkra stofnana
- Gagnreyndar aðferðir



Réttvísi fyrir börn

- Barnasamningurinn kynnti til sögunnar ný og víðtæk réttindi til handa börnum
- Alþjóðasamþykktir takmörkuðust gjarnan áður við stöðu barna gagnvart réttarkerfinu
 - The “Beijing Rules (1985), the “Ryad Guidelines“(1990), the “Rules for the protection of juveniles deprived of their liberty” (the “Havana rules”1990)



Réttvísi fyrir börn

- Í kjölfar Barnasamningsins kemur hinn víðtæki skilningur fram í auknum mæli
 - The UN Guidelines on Justice for Child Victims and Witnesses (2005)
 - The UN Guidelines on Alternative Care (2009)
- Hinn nýi valkvæði auki við Barnasamninginn
 - The optional protocol on communication procedure (2014)



Framlag Evrópuráðsins

- „Aðgerðabinding“ Barnasamningsins með það að markmiði að gera réttindin lifandi í því umhverfi sem barnið hrærist í
 - Tilmæli um réttindi barna á stofnunum (2005)5
 - Tilmæli um jákvæða foreldrafærni (2006)19
 - Leiðbeinandi reglur um barnvænlegt réttarkerfi (2010)
 - Tilmæli um barnvænlega félagsþjónustu (2011)12
 - Leiðbeiningar um barnvinsamlega heilbrigðisþjónustu (2011)
 - Tilmæli um virkni barna í samfélaginu (2012)2



Reglur Evrópuráðsins um barnvænlegt réttarkerfi

- Ávarpa öll samskipti réttarkerfisins hvort heldur er á sviði dómskerfis eða stjórnslu við börn sem
 - Vitni
 - Þolendur
 - Gerendur
- Tilgangurinn er að tryggja næmni þessara kerfa fyrir réttindum barna fyrir, á meðan og á eftir að málsmeðferð hefst



Barnvænlegt réttarkerfi

Leiðbeinandi reglur

- Dæmi um efnisatriði
 - Ráðstafanir gerðar til að tryggja öryggi barns
 - Barni veittar upplýsingar og ráðgjöf
 - Réttur barns til tjáningar og að tekið sé tillit til sjónarmiða þess sé virtur við allar ákvarðanir
 - Samskipti við barn fari fram í barnvinsamlegu umhverfi og á nærfærin hátt
- Tilmæli til aðildarríkja
 - „að komið sé á fót barnvinsamlegum og þverfaglegum vettvangi þar sem ólíkar stofnanir starfi saman undir einu þaki til að framkvæma rannsóknarviðtöl og læknisskoðanir og þar sem barnið fái viðeigandi greiningu og meðferð frá þjálfuðu fagfólki“
- Samhljóða ákvæði í Tilmælum Evrópuráðsins um barnvænlega félagsþjónustu



Lanzarote samningurinn

- Sérstaða: fyrsti bindandi alþjóðlegi samningurinn um vernd barna gegn kynferðisofbeldi, tók gildi á Íslandi í byrjun árs 2013
- Helstu einkenni samningsins
 - Kveður á um **barnvænlegt** verklag á öllum stigum
 - **Heildrænn** – yfirgripsmikill að umfangi og efni
 - **Þverfaglegur**
 - **Framsækinn**



Barnvinsamlegur

- Markmið samningsins er að laða fram barnvænlegar aðferðir og verklag til að tryggja í framkvæmd
 - „það sem barni er fyrir bestu“
- Án þess að veita afslátt á meginreglunni á sviði réttarfars og mannréttinda
 - „sanngjörn málsmeðferð“



Heildrænn

- Í skilningi refsilaga þar sem samningurinn fjallar um saknæmi kynferðisbrota óháð tegund t.a.m.
 - Innan og utan fjölskyldu, barnaklám, barnavændi, tælingu á vefnum, afvegaleiðingu
- Í efnislegum skilningi þar sem samningurinn fjallar um aðgerðir og úrræði vegna
 - Forvarna, tilkynningaskyldu, íhlutunar
 - Lögreglurannsóknna, ákæru, lögsögu, dómsmeðferð
 - Stuðning og meðferð þolenda, aðstandenda og gerenda



Þverfaglegur

- Kveður á um heildstæða og samhæfða nálgun stofnana og fagfólks í ólíkum greinum, t.a.m.
 - barnverndar, heilbrigðisþjónustu, lögreglu, ákærvalds og dómstóla
- Og varðandi mismunandi málefni sem samningurinn tekur til, t.a.m.
 - Forvarna, viðbragða við brotum, rannsókna mála osfrv.



Framsækinn

- Auðkennir grunngerð stofnana og lagaumhverfi sem er til þess fallið að tryggja viðeigandi vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðisofbeldi
- Geymir meginreglur sem endurspegla framsækna framkvæmd með skýrri stefnumörkun



Lanzarote nefndin

- Nefnd ríkjanna sem eiga aðild að samningnum, auk áheyrnarfulltrúa
- **Eftirlit** með framkvæmd samningsins, þ.m.t.
 - Yfirfara skýrslur um framkvæmd
 - Túlka einstök ákvæði og veita ráðgefandi álit
- **Þekkingarsetur**
 - Söfnun, greining og miðlun þekkingar/upplýsinga
 - http://www.coe.int/t/dghl/standardsetting/children/default_en.asp



Risinn vaknar

ESB og Barnavernd

- Towards an EU strategy on the rights of the child (2006)
- The Charter of Fundamental Rights of Children (2010)
- **The Agenda on the Rights of the Child (2011)**
- **The Directive on Child sexual abuse and exploitation (2011)**
- Global Alliance on for Combating Child sexual abuse Online (2012)
- **Public Consultation on Child Protection systems (2013)**



Réttindi barna

Aðgerðaráætlun ESB (2011)

- Auðkennir 11 aðgerðir þ.m.t.
 - Að **Barnasamningurinn** verði grundvöllur allra ákvarðana/aðgerða á vegum ESB varðandi börn
 - Vinni að framgangi **reglna Evrópuráðsins um barnvinsamlegt réttarkerfi** og stuðli að lögfestingu réttarfarsreglna í þeim anda
 - Hvetji til og styðji **fræðslu og þjálfun dómara og annars fagfólks** til að tryggja hámarks þátttöku barna í málsmeðferð



Fyrirmæli ESB 2011 um Kynferðislegt ofbeldi/misneytingu

- Byggir á Lanzarote samningnum
- Er hluti af lagareglum aðildarríkjanna
- Kveður m.a. á um
 - Afnám tvöfalda saknæmis á milli ríkja sem og tælingu eða önnur kynferðisbrot á netinu
 - Nýmæli um sakamálarannsóknir
 - Vernd barna við meðferð mála (endurtekin áföll)
 - Forvarnir: meðferðarúrræði fyrir kynferðisbrotamenn, „screening“, lokun vefsíðna



The Global Alliance

Gegn kynferðisofbeldi á netinu

- Samstarf 53 ríkja að frumkvæði ESB
 - Efla starf til að bera kennsl á þolendur sem myndir eru af
 - Gagnasafn Interpol
 - Efla vernd og stuðning þolenda
 - Styrkja sakamálarannsóknir
 - Aðgerðir til fjölga ákærum
 - Auka samfélagsvitund um áhættuhegðun á netinu
 - Tæling og „sexting“
 - Draga úr framboði myndefnis af börnum og minnka þar með frekari skaða þolenda



Hin nýja upplýsinga- og margmiðlunartækni BARNAVERNDARSTOFA

Hvers vegna er þörf á aukinni vernd?

- **Nafnleynd** á vefnum – eykur áráðni brotamanna
- **Alþjóðlegt samfélag** geranda með greiðum samskiptaleiðum
- **Framleiðsla** á barnaklámi/kynferðislegu myndefni af börnum, sem og **dreifing** þess verður auðveldari og margbrotnari
- Erfiðara verður að **bera kennsl á** þolendur
- **Tæling** og **áhættuhegðun barna** („selfies“)
 - kynferðisleg **kúgun** (sextortion, „revenge porn“)



ESB Leiðbeinandi reglur um heilðræna barnavernd

- Markmið Leiðbeiningana er að veita aðildarríkjum liðsinni við uppbyggingu heilðræns og markviss barnaverndarkerfis
 - Gagnabanki um lagasetningu og stefnumörkun
 - Gögnum um „best practice“ safnað
- Samráð og samtal (Public Consultation)
 - Víðtæk upplýsingaöflun frá aðildarríkjum, félagasamtökum, sérfræðingum
- Lögsaga ESB í barnavernd
 - Börn og réttarkerfið
 - Þegar öryggi barna felur í sér aðkomu fleiri landa en eins (hælisleitendur, mansalsmál, týnd börn osfrv)



Hin „þögla bylting“ í barnavernd

- Barnahús hafa öðlast lykilhlutverk sem vettvangur barnaverndarvinnu á öllum Norðurlöndunum
- Sameiginlegt markmið þeirra allra er að forða barni frá endurteknum áföllum með barnvænlegum og þverfaglegum hætti
- Fyrirkomulag sem mælt er með í mörgum samþykktum á vettvangi Evrópuráðsins og víðar
 - Lanzarote nefndin
 - Tilmælin um barnvænlegt réttarkerfi,
 - Tilmælin um barnvinsamlega félagsþjónustu
 - Aðgerðaráætlun Sveitarstjórnarþings Evrópuráðsins



Vöxtur barnahúsa á Norðurlöndum

- Áætla má að nú séu starfandi barnahús í u.þ.b. 50 borgum á Íslandi, Svíþjóð, Noregi, Danmörk, Grænlandi og Færeyjum
- Við þau starfa a.m.k. 400 sérfræðingar í fullu starfi og miklu fleiri koma að málum
- Barnahúsin veita árlega þúsundum barna sem sætt hafa ofbeldi margháttaða þjónustu
- Utan Norðurlanda eru barnahús í bígerð í mörgum löndum



Barnahús í norrænu samhengi

- Fjölbreytileiki í framkvæmd, fáein atriði
 - Aðdragandi að stofnun
 - Löggjöf
 - Hlutverkaskipting ríkis, héraðs og sveitarstjórna
 - Ábyrgð á rekstri
 - Verkaskipting stofnana
 - Eðli samstarfs og stig samráðs
 - Markhópar
 - Rannsóknarviðtöl, meðferð og læknisskoðanir



Barnahús á Íslandi

- Ísland varð fyrst Evrópuríkja til að koma á fót Barnahúsi 1998 – fyrirmynd annarra ríkja
- Frumkvæðið af faglegum toga en hvorki pólitískt eða með fulltingi félagasamtaka
- Starfsemin hluti af barnaverndarkerfinu, veik lagastoð, sérstakar fjárveitingar ekki fyrir hendi
- Hefur að mestu takmarkast við þjónustu við þolendur kynferðisbrota
- Sérstaða vegna rannsóknarviðtala: könnun v.s. skýrslutaka fyrir dómi
- Læknisrannsóknir án skuldbindinga
- Sérstaða meðferðarþjónustu, TFCB
- Fyrirhugaðar breytingar með fjölgun starfsfólks og rýmra húsnæðis



Barnahus í Svíþjóð

- Fyrsta húsið opnað 2005; frumkvæði fagfólks, stjórnámamann, Rádda Barnen og Silviu drottningar
- Fjöldi 31 til 33 og margbreytileiki endurspeglar ríka hefð fyrir samstarfi
- Sérstök lagasetning ekki fyrir hendi, eyrnamerkta fjárveitingar sums staðar
- Langflest rekin af sveitarfélögum, einu eða fleiri saman á svæðum en formfest samstarf samstarfsaðila ss. lögreglu, ákærvalds og sjúkrahús
- Öll fást við ofbeldi, þ.m.t. líkamlegt ofbeldi og heimilisofbeldi
- Rannsóknarviðtöl framvæmd af lögreglu undir stjórn ákærvalds
- Læknisrannsóknir vantar í mörgum húsanna
- Fyrirkomulag meðferðar í nánú samstarfi við barnageðdeildir sjúkrahúsa



Barnas hus í Noregi

- Fyrsta húsið hóf starfsemi 2007, að frumkvæði Redda barnen og stjórnámálanna úr öllum stjórn málaflokkum
- Hraður vöxtur, nú í 10 borgum, markhópur þolendur ofbeldis og jafnvel fullorðið fólk með fötlun
- Hluti af réttarvörslukerfinu, starfrækt af lögregluembættum, lýtur ekki sérstökum lögum, tímabundið ríkisframlag
- „Dommeravhör“ en lögreglan framkvæmir skýrslutökur – **nú til endurskoðunar**
- Samstarf stofnana afar skipulagt – „förmöte“; „samráðsmöter“
- Áfallamiðuð meðferð – aðeins í stuttan tíma
- Fyrirkomulag læknisskoðana hliðstætt því sem hér gerist



Börnehuse í Danmörku

- Fyrsta barnahúsið tók til starfa 2013 í kjölfar róttækra breytinga á lagaákvæðum um barnavernd
- Sveitarstjórnnum er skylt að standa að starfsemi barnahúsa með formlegum hætti, fjármögnun frá ríkisvaldi í byrjun
- Danmörk er skipt upp í 5 svæði og á hverju er eitt barnahús auk þess sem á 3 svæðum eru eins konar „útibú“
- Barnavernd/lögreglu er skylt að bregðast við tilkynningum innan 24 klst. frá móttöku og vísa alvarlegri málum til barnahúss
- Lagaákvæði heimila ólíkum stofnunum að deila með sér öllum upplýsingum um einkamálefni sem kunna að skipta máli
- Lögregla annast skýrslutökur
- Gæðastaðlar á landsvísu hafa verið settir og BH er skylt að eiga samstarf, deila reynslu og sérþekkingu



Árangursmat

- Svíþjóð:
 - Háskólinn í Lundi (2008); Stokkhólmsháskóli (2010), Svedin og Landberg (2012). Til viðbótar eru 3 rannsóknir í gangi, Háskólinn í Kristianstad og tvær við Háskólann í Lundi
- Noregur
 - Nova (2012)
- Ísland
 - Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd (2010)
- Norræn samanburðarrannsókn
 - Nova (hófst 2013)



Jákvæða reynsla

- Niðurstöðum rannsókna ber saman um mjög jákvæða reynslu af barnahúsum að mati
 - Barnanna
 - Foreldra
 - Fagfólks
- Vísbendingar um aukna samfélagsvitund, betri rannsóknarvinnu og fjölgun ákæra og sakfellinga
- Mikil sérhæfing, reynsla og þekking hefur safnast saman og tækifæri til frekari rannsókna



Áhyggjuefni - áskoranir

- Málsmeðferðarreglur réttarvörslukerfisins vega þyngra en velferðarsjónarmiðin
- Þverfaglegt samstarf í orði – ekki á borði
- Togstreita á milli kerfa
- Ábyrgð og hlutverk barnaverndarstarfsmannsins verður óljósara
 - Barnið
 - Foreldrarnir



Quo vadis – á hvaða leið ertu?

- Hversdagsvísindi Barnasamningsins og alþjóðlegir straumar hafa mótað áherslu í barnaverndarstarfi og Ísland jafnvel lagt sitt litla lóð á vogarskálarnar í þeirri þróun
 - Barnaverndarstofa, Barnahús og innleiðing gagnreyndra aðferða í meðferð barna (PMT, MST)
 - Fækkun og efling barnaverndarnefnda með aukinni fagmennsku samhliða verulegri fjölgun tilkynninga
 - Breytt lagaumgjörð hefur styrkt réttindi barnsis – og bætt málsmeðferð og vandað verklag



Áskoranir

- Sérhæfð þjónusta: samvinna og samhæfing kerfa, miðlæg og/eða svæðisbundin, þverfagleg
- Innleiðing gagnreyndra aðferða (Mst, Pmt, Msfc)
 - Togstreita hagsmuna og hlutverka
- Barnahús: ákall um víðtækari þjónustu
 - Áfallameðferð óháð tilefni
 - Krefst nýrra vinnubragða við könnun máls
- Breytingar á barnaverndarvinnu í héraði aðkallandi
 - Gagnreyndar aðferðir við greiningu (áhættu og verndandi þátta) og gerð áætlana, (t.d. Ester)
 - Aukin fjölskylduvinna/fjölskylduráðgjöf brýn
 - Samræða við börn



Flíkin passar ekki lengur!

- Samræða í ljósi grundvallarréttinda barna
 - Áform um breytta yfirstjórn barnaverndarmála
 - Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga
 - Verkaskipting félagsþjónstu og barnaverndar
 - Eru barnaverndarnefndir tímaskekkja?
 - Samstarf kerfa, stofnanna og fagstétta
 - Hvernig eflum við barnaverndina faglega og gerum hana barnvinsamlegri?



Framtíðin – okkar skylda

- Breytingar á landslagi barnaverndar verða ekki án þess að skjálftar geri vart við sig, jafnvel gos, eins og í náttúrunni sjálfri
- „Þegar egg er brotið utan frá deyr líf; þegar egg er brotið innan frá byrjar líf“
 - Nándin við barnaverndarbörnin, andstreymi lífs þeirra og sársauki eru forréttindi sem ekki aðrir hafa
 - Það stendur okkur næst að standa vörð um rétt þessara barna, gerast talsmenn þeirra og grípa til þeirra ráðstafana sem við getum
 - Ef ekki við – hver er þá líklegur til að sinna þessu hlutverki?